

Alþingi  
Erindi nr. P 131/87  
komudagur 11. 11. 2004

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005 (04 Landbúnaðarráðuneyti).

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Minni hlutinn stendur ekki að álit meiri hluta nefndarinnar að því leyti að hann telur í fyrsta lagi nauðsynlegt að staðið sé við áætlun um landshlutabundna skógrækt sem er langtímaverkefni samkvæmt þingsályktunartillögu en samningar um plöntuframleiðslu eru gerðir allt að þremur árum áður en til útplöntunar kemur. Traustar áætlanir eru landshlutabundinni skógrækt nauðsynlegar og undrunarefni að landbúnaðarráðuneytið skuli ekki fylgja þingsályktun sem samþykkt var á síðasta löggjafarþingi.

Í öðru lagi er lagt til að orðið verði við óskum um lokafjárveitingu til gagnagrunns fyrir landshlutabundna skógrækt. Loks telur minni hlutinn að verkefni Veiðimálastofnunar um „Silungsveiði í vötnum“ sé áhugaverður kostur og líklegt til að efla ferðaþjónustu á landsbyggðinni.

Anna Kristín Gunnarsdóttir skrifar undir álit með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Alþingi, 11. nóv. 2004.

Anna Kristín Gunnarsdóttir, með fyrirvara.  
Lúðvík Bergvinsson.  
Þórunn Sveinbjarnardóttir.